

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Rannsóknar- og vísindasjóðinn COR.

1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir Rannsóknar- og vísindasjóðurinn COR. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Bjarni Torfason, kt. 280351-2299, Bergstaðastræti 79, 101 Reykjavík og Elsa Friðrika Eðvarðsdóttir, kt. 191254-3259, Bergstaðastræti 79, 101 Reykjavík.

3. gr.

Stofneign sjóðsins er samtals kr. 570.000 -krónur fimmhundraðogsjötíuþúsund- og bera stofnendur engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjóðsins umfram stofnframlag sitt. Ekki er heimilt að skerða stofnframlag sjóðsins en heimilt er að ráðstafa öllum tekjum sjóðsins í þágu yfirlýstra markmiða sjóðsins.

Tekjur sjóðsins skulu vera framlög utanaðkomandi aðila, hvers konar styrktarfé, gjafir, vaxtatekjur og önnur framlög sem veitt er viðtöku eða aflað.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir á sviði hjartaskurðlækninga, m.a. með endurmenntun, tækjakaupum, rannsóknar- og ferðastyrkjum. Einnig er heimilt að ráðstafa tekjum sjóðsins í greiðslur vegna aðkeyptrar vinnu og þjónustu í þágu rannsókna.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 3 mönnum kosnum á aðalfundi, sem halda skal eftir að ársuppgjör sjóðsins liggur fyrir, til eins árs í senn. Stjórn sjóðsins skal í fyrsta sinn kosin á stofnfundi sjóðsins.

Einungis stofnendur sjóðsins eða lögerfingjar þeirra sameiginlega skulu hafa heimild til að kjósa stjórn sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins tekur allar ákvarðanir um rekstur sjóðsins og hvernig markmiðum hans sé best náð. Í því skyni skal stjórn sjóðsins setja sér sérstakar starfsreglur er kveða nánar á um verkaskiptingu stjórnarmanna og hvernig markmiðum sjóðsins verði best náð.

Stjórnin metur hvort þörf er fyrir ráðningu sérstaks starfsmanns og annast um ráðningu hans ef þörf er á slíkum starfsmanni.

Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðarbók um það sem gerist á fundum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar. Stjórnunarkostnaður skal allur greiddast af fjármunum sjóðsins.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera frá 1. janúar til 31. desember. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar, viðurkenndar reikingskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum eða endurskoðunarfélagi.

Reikningar sjóðsins skulu eigi síðar en 30. júní ár hvert sendir ríkisendurskoðun, í samræmi við ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt

staðfestri skipulagsskrá. Einnig skulu endurskoðaðir reikningar sjóðsins sendir forstjóra Landspítala-háskólasjúkrahúss.

8. gr.

Allar breytingar á skipulagsskrá sjóðsins skulu vera samþykktar af öllum stjórnarmönnum.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu allar eigur hans renna til stofnana eða samtaka sem vinna að rannsóknum á sviði hjartaskurðlækninga, en ef ekki finnst slík stofnun eða samtök skulu eigur sjóðsins renna til Hjartaverndar.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi skal staðfest af dómsmálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Framangreint staðfest af stofnendum sjóðsins, Bjarna Torfasyni og Elsu Friðriku Eðvarðsdóttur, í Reykjavík þann 1. mars 2002.

Stjórnarmenn kosnir í fyrsta sinn við stofnun sjóðsins:

Bjarni Torfason, kt. 280351-2299, Bergstaðastræti 79, 101 Reykjavík.

Elsa Friðrika Eðvarðsdóttir, kt. 191254-3299, Bergstaðastræti 79, 101 Reykjavík.

Eðvarð Jón Bjarnason, kt. 011276-3189, Ásvallagötu 3, 101 Reykjavík.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. mars 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

SAMÞYKKT

fyrir Veidifélag Þverár í Borgarfirði.

1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Þverár í Borgarfirði. Heimili þess og varnarþing er í þeirri þinghá þar sem formaður félagsins á búsetu á hverjum tíma.

2. gr.

Hlutverk félagsins er að gera lax- og silungsveiði sem arðbærasta á félagssvæðinu. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að selja árnar á leigu til stangveiða, en koma í veg fyrir allar aðrar veiðiaðferðir í þeim, nema nauðsynlega netaveiði til þess að ná í klaklax.

Þá hyggst félagið stunda fiskirækt, eftir því sem við á, til að auka arðsemi ána.